

manna eða sérstökum fulltrúa að vitja til eftirlits hvers hælis eða stofnunar svo oft sem þurfa þykir og eigi sjaldnar en einu sinni á ári. Er forráðamanni þeirrar stofnunar, er í hlut á, skylt að greiða fyrir eftirliti og veita eftirlitsmanni færi á að rannsaka börn og ungmenni, sem þar eru vistuð, húsakynni þeirra, þrif, heilsufar, eldi, aðbúnað og þroska, veita honum aðgang að skýrslum, bókum og reikningum stofnunarinnar o. s. frv.

Tálmanir gegn framkvæmd eftirlits varða refsingu að lögum, sbr. 3. gr. og 47. gr., 3. mgr.

54. gr.

Aðili, er ráðstöfun barnaverndarnefndar varðar hagsmuni hans, getur borið málið undir barnaverndarráð, og er því skylt að taka málið til skjótrar meðferðar og úrlausnar. Slík áfrýjun frestar ekki framkvæmd ráðstöfunar barnaverndarnefndar.

VI. KAFLI

Niðurlagsákvæði.

55. gr.

Mál samkvæmt 44., 45. og 46. gr. þessara laga skulu rekin að hætti opinberra mála.

56. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, og eru þá úr gildi númer lög nr. 43 23. júní 1932, um barnavernd, lög nr. 76 19. júní 1933, um breyting á þeim lögum, lög nr. 62 4. júlí 1942, um eftirlit með ungmennum o. fl., og önnur þau lög, er fara í bág við þessi lög.

Gjört í Reykjavík, 9. apríl 1947.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Eysteinn Jónsson.

Stjórnartíðindi 1947, A. 7.

L Ö G

um að tryggja mannelldisgildi hveitis.

30

22. apríl

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallið á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Ráðherra er heimilt að fengnum tillögum mannelldisráðs að skipa fyrir með reglugerð um ráðstafanir til að tryggja sem bezt mannelldisgildi hveitis, sem selt er á íslenskum markaði. Má í því skyni krefjast sérstakrar tilhögunar við mólun hveitisins, svo og að það skuli blandað viðeigandi næringar- og hollustuefnum, annars hvors eða hvors tveggja í senn.

30

2. gr.

22. apríl

Brot gegn ákvæðum reglugerða, sem settar kunna að verða samkvæmt lögum þessum, skulu varða allt að 10000 kr. sekt, nema þyngri refsing liggi við samkvæmt almennum lögum.

Gjört í Reykjavík, 22. apríl 1947.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Eysteinn Jónsson.

31

L Ö G

22. apríl

um breyting á lögum nr. 4 27. jan. 1943, um dýralækna.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

1. gr. laganna orðist svo:

Dýralæknar skulu vera 8, tveir í Sunnlendingafjórðungi, og skal annar hafa búsetu í Reykjavík, þrír í Vestfirðingafjórðungi, tveir í Norðlendingafjórðungi og einn í Austfirðingafjórðungi. Atvinnumálaráðherra skipar þá og kveður á um bústað þeirra að öðru leyti en ákveðið er í lögum þessum.

Nú er ekki kostur nægilega margra lærðra dýralækna, og er atvinnumálaráðherra þá heimilt, í samráði við yfirdýralækni, að fela mönnum, er yfirdýralæknir telur treystandi til að bæta úr þörf búfjáreigenda, að gegna störfum dýralæknis um stundarsakir fyrir hæfilega þóknun úr ríkissjóði, enda liggi fyrir um það eindregnar óskir frá hlutaðeigandi sýslunefnd eða sýslunefndum.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 22. apríl 1947.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Bjarni Ásgeirsson.